

Innköllun vöru á markaði

Tungusilungur ehf
Reyktur regnbogasilungur
Flök
Best fyrir 10-02-21.

Tungusilungur ehf er að innkalla ofangreinda vöru á markaði vegna rangra merkinga á "Best fyrir" dagsetningu. Varan var eingöngu seld hjá Fiskikónginum. Innköllunin nær aðeins til ofangreindar vöru með tilgreinda best fyrir dagsetningu. Engar aðrar framleiðsluvörur Tungusilungs ehf eru innkallaðar. Viðskiptavinir eru vinsamlegast beðnir um að skila vörunni á þann stað sem hún var keypt og fæst hún þar endurgreidd. Tungusilungur ehf hefur hagsmuni og öryggi viðskiptavina að leiðarljósi og er þessi innköllun hluti af matvælaöryggiskerfi Tungusilungs ehf þar sem gæði og öryggi vörunnar er í fyrirrúmi. Við biðjumst velvirðingar á þeim óþægindum sem þessi innköllun kann að valda viðskiptavinum okkar. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 4562664 og í tölvupóstfanginu tungusilungur@simnet.is
Tungusilungur ehf
Strandgötu 39a
460 Tálknafjörður.